

**Sp. 164. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]**

um afnám einokunar ríkisins á innflutningi og sölu áfengis og tóbaks.

Flm.: Bessí Jóhannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, og lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sem felur í sér afnám einokunar ríkisins á innflutningi og sölu áfengis og tóbaks.

**G r e i n a r g e r ð .**

Tillaga þessi er flutt sem liður í því að færa sem flest verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins, til einkaaðila. Innflutningur og sala áfengis og tóbaks er í höndum ríkisvaldsins samkvæmt áfengislögum og lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Áfengi og tóbak eru vörur sem innflytjendur geta annast innflutning og sölu á eins og öðrum varningi. Óþarft er að ríkið þurfi að bera kostnað af birgðum og rekstri verslana og skrifstofu til að annast pantanir og þjónustu við heildsala. Um leið og einokun verður aflétt má hugsa sér að einkaaðilar taki að sér sölu og dreifingu þessara vörutegunda. Heildsalar verða sjálfir að bera kostnað af birgðum enda verður lögmálið um framboð og eftirspurn látið ráða ferðinni. Ljóst er að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur haft mikinn kostnað af birgðahaldi. Núverandi forstjóri hefur leitast við að minnka þessar birgðir og um leið að fækka tegundum áfengis. Hefur það verið gert með útsölu á áfengi sem ýmsum þykir nokkuð sérstæð aðferð og ekki í samræmi við þá stefnu að hafa áfengi dýrt. Þessar útsölur hafa og verið auglýstar eins og um hverja aðra drykkjarvöru sé að ræða. Tekjur ríkisins af áfengi og tóbaki ættu að geta aukist við þessa beytingu því umtalsvert fé sparast við það að Áfengis- og tóbaksverslunin verði lögð niður.